

FRÉTTATILKYNNING

Reykjavík, 18. mars 2026

Alvotech birtir uppgjör ársins 2025 og fjórða ársfjórðungs

Alvotech (NASDAQ US: ALVO, ÍSLAND: ALVO, STOKKHÓLMI: ALVO SDB)

Helstu niðurstöður

Ítarlegri tilkynning á ensku sem veitir nánari upplýsingar um fjárhag og rekstur á fjórða ársfjórðungi 2025 og árinu í heild er birt á slóðinni: <https://investors.alvotech.com/earnings-calendar>.

Helstu niðurstöður fjórða ársfjórðungs 2025

- Heildartekjur¹ voru 173 milljón dollara, sem er 13% aukning frá sama tímabili á fyrra ári
- Aðlöguð EBITDA¹ nam 69 milljónum dollara og framlegð af heildartekjum var 66%
- Markaðsleyfi var veitt fyrir AVT05 sem hliðstæðu af Simponi® í Bretlandi og innan EES
- Markaðsleyfi var veitt fyrir AVT03 sem hliðstæðu af Prolia® and Xgeva® innan EES
- EMA tók til meðferðar umsókn um markaðsleyfi fyrir AVT23, fyrirhugaða hliðstæðu Xolair®
- Eftir lok fjórðungsins gerði Alvotech samning um sölu og dreifingu nokkurra fyrirhugaðra líftæknilyfjahliðstæða við Sandoz, í Kanada, Ástralíu og Nýja Sjálandi

Helstu niðurstöður ársins 2025

- Heildartekjur¹ voru 593 milljónir dollara, sem er 21% aukning frá fyrra ári
- Aðlöguð EBITDA¹ jókst um 27% í 137 milljónir dollara og framlegð af heildartekjum var 61%
- Bankainnistæður námu 172 milljónum dollara í árslok
- Teva markaðssetti á árinu aðra hliðstæðu Alvotech í Bandaríkjunum, við Stelara, undir heitinu Selarsdi
- Þrjár nýjar hliðstæður hlutu markaðsleyfi í Japan, Bretlandi og innan EES
- Alvotech keypti rannsóknarstarfsemi Xbrane í Svíþjóð og rekstur Ivers-Lee í Sviss
- Bréf félagsins voru skráð á Nasdaq markaðnum í Stokkhólmi og félagið seldi ný hlutabréf
- Linda Jónsdóttir gekk til liðs við Alvotech sem nýr framkvæmdastjóri fjármálasviðs, Dr. Balaji V. Prasad sem nýr framkvæmdastjóri stefnumótunar og fjárfestatengsla, Joseph McClellan færðist yfir í stöðu framkvæmdastjóra rekstrar og Anthony Maffia tók við starfi framkvæmdastjóra gæðamála auk lyfjaskráninga.

Stjórnarformaður og fráfarandi forstjóri, Róbert Wessman:

„Á síðasta ári héldum við áfram að fjárfesta í aðstöðu til rannsókna og framleiðslu, hlutum markaðsleyfi fyrir þrjár nýjar líftæknilyfjahliðstæður, færðum út kvíarnar á rannsókna- og þróunarsviði félagsins og jukum getu til samsetningar og þökkunar á vörum. Þá gerðum við nýja samstarfssamninga um markaðssetningu og sölu.

¹ Tölurnar sýna tekjur, hagnað eða tap tímabilsins að teknu tilliti til einskiptis- og óreglulegra liða. Nánari upplýsingar er að finna í ítarlegri útgáfu tilkynningarinnar á ensku á vefsíðu Alvotech.

„Við höfum nú sett fimm hliðstæður á markað og njótum krafta öflugra samstarfsaðila við markaðssetningu á 90 mörkuðum um allan heim. Við erum leiðandi í rannsóknum og þróun innan greinarinnar með 30 lyf í þróun og munum halda áfram að fjölga þeim .

„Fjárhagsstaða félagsins styrktist á árinu og öflugir fjárfestar lögðu félaginu til nýtt fjármagn að fjárhæð um 300 milljónir dollara. Fénu verður varið til vöruþróunar og til að styrkja framleiðslugetuna. Við breikkuðum hluthafahópinn við skráningu á markað í Stokkhólmi og bættum aðgengi að norrænum og evrópskum fjárfestum.

„Við höfum fjárfest í endurbótum á gæða- og framleiðslukerfum og ferlum sem svar við athugasemdum Matvæla- og lyfjastofnunar Bandaríkjanna (FDA). Við metum það svo að Alvotech sé í góðri stöðu til að senda umsóknirnar um markaðsleyfi inn til FDA að nýju á öðrum fjórðungi þessa árs.

Við erum bjartsýn að hafa leyst úr athugasemdum FDA enda eru lykilstjórnendur félagsins í dag með áratuga reynslu úr lyfjaiðnaðinum. Áhersla okkar hefur verið á að styrkja framleiðsluaðstöðuna og mæta aukinni eftirspurn á alþjóðlegum mörkuðum.

„Skipun Lisu Graver í stöðu forstjóra eflir leiðtogateymi félagsins enn frekar. Allir lykilstjórnendur eru nú búsettir á Íslandi. Við Lisa höfum unnið saman í meira en 20 ár og hún hefur einstakan bakgrunn og getu til þess að leiða félagið á þessu stigi í sögu þess. Hún þekkir félagið afar vel, þar sem hún hefur setið í stjórn Alvotech síðan á árinu 2022 og þekkir þannig vel stefnu félagsins, reksturinn og samstarfsaðilana.

„Sem starfandi stjórnarformaður mun ég áfram taka fullan þátt í rekstri félagsins. Ég hlakka til að vinna með Lisu og leiðtogateyminu að því að gera Alvotech að leiðandi fyrirtæki í þróun og framleiðslu líftæknilyfjahliðstæðna.

Afkomuspá fyrir árið 2026

Fyrri afkomuspá stendur óbreytt. Væntar heildartekjur ársins 2026 eru á bilinu 650-700 milljónir og sem jafngildir vexti um tveggja stafa prósentu. Þá er gert ráð fyrir að aðlöguð EBITDA verði á bilinu 180-220 milljónir dollara, þar sem aukin framlegð verði af sölu áður markaðssettra lyfja og nýjum hliðstæðum sem eru að koma á markað í Bretlandi, EES og Japan.

Alvotech gerir ráð fyrir að fá markaðsleyfi fyrir fjórar nýjar hliðstæður í Bandaríkjunum fyrir árslok, en að það hafi lítil áhrif á áætlaðar heildartekjur ársins. Lægri mörk afkomuspárinnar gera ráð engum tekjum af nýjum lyfjum í Bandaríkjunum á árinu 2026.

Boð á kynningu á uppgjöri fyrir fjórða ársfjórðung 2025 og árið í heild:

Stjórnendur félagsins kynna uppgjörið í beinu streymi sem hefst kl. 12 á hádegi fimmtudaginn 19. mars nk.

Til þess að hlusta á beint streymi af fundinum:

<https://edge.media-server.com/mmc/p/u2p8ged8/>

Til þess að hlusta í síma (hverjum þátttakanda er úthlutað PIN):

<https://register-conf.media-server.com/register/BI1c565f9bbee94c928c676ea73f178077>

Kynningarglærur fyrir fundinn:

<https://investors.alvotech.com/earnings-calendar>

Nánari upplýsingar veita:

Fyrir fjölmiðla – alvotech.media@alvotech.com

Benedikt Stefansson

Sarah MacLeod

Fyrir fjárfesta - alvotech.ir@alvotech.com

Dr. Balaji V Prasad (US)

Patrik Ling (SE)

Benedikt Stefansson (IS)

Fjárhagsdagatal:

Uppgjör eftir hvern ársfjórðung er birt eins og sjá má í töflunni, eftir lokun markaða í Bandaríkjunum. Uppgjörsfundur fer fram næsta dag. Dagatalið er birt með fyrirvara um mögulegar breytingar.

Ársfjórðungur	Birting uppgjörs	Uppgjörsfundur
1F 2026	6. maí 2026	7. maí 2026
2F 2026	19. ágúst 2026	20. ágúst 2026
3F 2026	11. nóvember 2026	12. nóvember 2026
4F 2026	10. mars 2027	11. mars 2027

Um Alvotech

Alvotech er líftækniyrirtæki stofnað af Róberti Wessman sem einbeitir sér að þróun og framleiðslu líftæknihlíðstæðulyfja fyrir sjúklinga um allan heim. Alvotech stefnir að því að verða leiðandi á sviði líftæknihlíðstæðulyfja. Til að tryggja hámarksgæði eru allir þróunar- og framleiðsluþættir í höndum fyrirtækisins. Alvotech hefur sett fimm hlíðstæður á alþjóðlegan markað. Þá vinnur félagið meðal annars að þróun líftækniyfjahlíðstæða sem nýst geta sjúklingum með sjálfsofnæmis-, augn- og öndunarfærasjúkdóma, blóðsjúkdóma og krabbamein. Alvotech hefur gert samninga um sölu, markaðssetningu og dreifingu við samstarfsaðila á öllum helstu mörkuðum, í Bandaríkjunum, Evrópu, Japan, Kína, öðrum hlutum Asíu, Rómönsku Ameríku, Afríku og Mið-Austurlöndum.

Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu Alvotech <https://alvotech.is>, á fjárfestasíðu okkar <https://investors.alvotech.com> og á vefsíðu félagsins á ensku <https://alvotech.com>. Þá má fylgjast með Alvotech á samfélagsmiðlunum LinkedIn, Facebook, Instagram, og YouTube.